

NEMA

1. Inngangur

Samtengingar hafa venjulega ekki fengið mikið rúm í íslenskum málfræðiritum.¹ Líklega er það að nokkru leyti vegna þess að þær lenda hálfvegis á milli greina málfræðinnar; þær eru fljótafgreiddar í beygingafræðibókum vegna þess að þær hvorki beygjast né stjórna falli, og höfundum setningafræðirita þykja setningatengsl ekki meðal forvitnilegri viðfangsefna. Á undanförunum árum hafa þó verið skrifaðar nokkrar greinar um einstakar samtengingar í íslensku. Höskuldur Þráinsson (1980) færði rök að því að *sem* og *er* séu ekki tilvísunarfornöfn, heldur tengingar, Halldór Ármann Sigurðsson (1981) gerði úttekt á svonefndum "fleiryrtum aukatengingum", og ég hef skrifað um íslenskar aðaltengingar (1981), tilvísunartengingar hjá Halldóri Laxness (1983) og tenginguna *enda* (1987). Um tenginguna *nema* hefur aftur á móti lítið verið fjallað sérstaklega, þótt hennar sé að sjálfsögðu getið í upptalningum.

Íslenskar málfræðibækur og orðabækur nefna yfirleitt ekki að *nema* geti verið annað en samtenging.² Þannig er orðið greint t.d. í *Orðabók Menningarsjóðs*, *Orðabók Blöndals* (Sigfús Blöndal 1920-24), og *Ordbog over det gamle norske sprog* eftir Fritzner (1954). Nánar til tekið er *nema* vanalega talin skilyrðistenging (sjá t.d. *Íslenska málfræði* Björns Guðfinnssonar (1958:88), *Íslenska málfræði* Kristjáns Árnasonar (1980:30), *Íslenska setningafræði* Björns Guðfinnssonar (1943:34); *Setningaform og stíl* eftir Harald Matthíasson (1959:92); *Icelandic* eftir Stefán Einarsson (1949:176); *Kjarnafærslu og það-innskot í aukasetningum* eftir Friðrik Magnússon (1990:82) o.fl.); en skilyrðistengingar teljast til atvikstenginga, sem eru annar aðalflokkur aukatenginga.

Flestar framangreindra bóka geta tveggja einyrtra skilyrðistenginga; *nema* og *ef* (auk þess er orðasambandið *svo framarlega sem* iðulega talið til skilyrðistenginga). Sumar þeirra benda líka sérstaklega á skyldleika þessara tveggja tenginga, bæði orðsifjafræðilegan (Haraldur Matthíasson 1959:92; sjá þó Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:662, 663) og merkingarlegan (Haraldur Matthíasson 1959:92; Jón Gunnarsson 1973:89; Kristján Árnason 1980:30). Og vissulega hefur *nema* iðulega svipaða stöðu og hin dæmigerða skilyrðistenging *ef*:

- (1) a Ég fer strax *nema* mér þyki gaman.
b Ég fer strax *ef* mér leiðist.

Sú sérstaða *nema* sem flestir nefna felst í sambandi tengingarinnar við neitun. Kristján Árnason (1980:30) segir t.d.: "Tengingin *nema* hefur dálitla sérstöðu. Segja má að hún geti merkt það sama og *ef ekki*." Haraldur Matthíasson (1959:92) segir fullum fetum að merkingin "fyrr og síðar" sé `ef ekki'; og í *Málmyndunarfræði* Jóns Gunnarssonar (1973:89) er gert ráð fyrir ummyndun sem breyti *ef ekki* í *nema*. Merking *ef* er sem sé lögð til grundvallar og merking *nema* skilgreind út frá henni. Það má því líta á *ef* sem "hlutlausa" skilyrðistengingu, og segja að hún sé ómörkuð gagnvart *nema*. Tengslum þessara tveggja skilyrðistenginga svipar því til tengsla aðaltenginganna *og* og *en* (sjá Eirík Rögnvaldsson 1981).

Það þarf þó ekki að skoða mörg dæmi um *nema*-setningar til að sjá að þessi tenging hagar sér á ýmsan hátt öðruvísi en við mætti búast af skilyrðistengingu. Hér skulu sýnd nokkur dæmi um setningar með *nema* þar sem samsvarandi setning með *ef* er annaðhvort ótæk eða allt annars eðlis. Vegna þeirra tengsla *nema* við neitun sem áður er getið hef ég sett *ekki* innan sviga í *ef*-setningunum, en það breytir engu til eða frá; setningarnar eru jafn vondar hvort sem neitun er höfð með eða ekki.

- (2) a Málfræðingar eru skemmtilegir, *nema* einn er leiðinlegur.

- b Málfræðingar eru skemmtilegir, ef einn er (ekki) leiðinlegur.
- (3) a Ég vinn alla daga nema á sunnudögum.
b *Ég vill alla daga ef (ekki) á sunnudögum.
- (4) a Allir nema Jón komu.
b *Allir ef (ekki) Jón komu.
- (5) a Ég kemst ekkert nema fara á hjóli.
b *Ég kemst ekkert ef (ekki) fara á hjóli.
- (6) a Mér finnst leiðinlegt að tala nema í síma.
b *Mér finnst leiðinlegt að tala ef (ekki) í síma.
- (7) a Ég veit ekki nema Sveinn komi á morgun.
b *Ég veit ekki ef Sveinn kemur (ekki) á morgun.
- (8) a Það komu ekki nema þrír í gær.
b *Það komu ekki ef (ekki) þrír í gær.
- (9) a Nema það, að fljótlega fer gamanið að kárna.
b *Ef (ekki) það, að fljótlega fer gamanið að kárna.
- (10) a Nema hvað?
b Ef (ekki) hvað?

Af *ef*-setningunum eru það aðeins (2b) og (10b) sem geta talist tækar, en þær merkja báðar allt annað en tilsvareandi a-setningar. Það er því ljóst að það er talsverð einföldun að setja *nema* undir sama hatt og *ef* án frekari útskýringa.

Við samningu þessarar greinar safnaði ég dæmum úr ýmiss konar nútímamálstextum; blaðamáli, skáldsögum, ævisögum, fræðibókum o.fl.³ Ég rakst þar á margfalt fjölbreyttari notkun *nema* en hafði hvarflað að mér áður. Tilgangur þessarar greinar er að vekja athygli á helstu tilbrigðunum, án þess þó að koma beinlínis fram með skýringar á þeim.

Í 2. kafla er fjallað um hugtakið **skilyrðissetning**, merkingu tengingarinnar *nema* og tengsl hennar við neitun. Í 3. kafla er sýnt að *nema* getur einnig tengt tvær hliðskipaðar aðalsetningar, og í 4. kafla er farið yfir ýmis atriði sem skilja milli aðalsetninga og aukasetninga og þau rök sem beita má til að greina þar á milli. Í 5. kafla er sýnt að *nema* getur einnig tengt einstaka setningarliði eins og (sumar) aðaltengingar. Í 6. kafla kemur fram að *nema* getur tengt nafnháttarsetningar við aðalsetningu, og í 7. kafla er sýnt að *nema* tengir í stöku tilvikum fallsetningar. Í 8. kafla eru svo færð rök að því að auk þess að vera óvenju fjölhæf samtenging geti *nema* líka gegnt hlutverki atviksorðs.

2. Sérstaða *nema* meðal tenginga

Við skulum í upphafi glöggva okkur á merkingarlegri sérstöðu skilyrðissetninga. Jakob Jóh. Smári (1920:188) notar hugtakið **skildagamálsgrein** og skýrir það svo:

Skildagamálsgrein nefni eg málsgrein, sem segir, hvað verði (yrði), ef einhver skildagi er (væri) uppfylltur. Í skildagamálsgrein er aðalsetning og aukasetning, sem tengdar eru með skilyrðistengingum [...] eða viðurkenningartengingum [...]. - Skilyrðissetning er aftur á móti nefnd

aukasetningin í skildagamálgrein, er hún byrjar á skilyrðistengingu [...].

Það er sem sé **skildaginn** sem einkennir skilyrðissetningar; í aðalsetningunni er sett fram fullyrðing, loforð, skipun, ósk o.s.frv., sem er skilyrt af því sem segir í aukasetningunni. Munurinn á *ef* og *nema* er svo sá að með *ef* er skilyrðingin jákvæð, en með *nema* getur skilyrðingin eingöngu verið neikvæð. Sem sé: Með *ef* er það eiginlega gefið að fullyrðingin (o.s.frv.) í aðalsetningunni sé ekki gild, og tilteknar aðstæður þurfi til að hún öðlist gildi; með *nema* er fullyrðingin í aðalsetningunni gild, og tilteknar aðstæður þarf til að hún gildi ekki. Það er þess vegna hæpið að halda því fram að *nema* merki nokkurn tíma nákvæmlega 'ef ekki', eins og (11) sýnir:

- (11) a Ég fer norður **ef** Jón kemur **ekki**.
- b Ég fer norður **nema** Jón komi.

(11a) merkir eiginlega 'Ég fer ekki norður; aðeins í því tilviki að Jón komi ekki fer ég'; en (11b) merkir 'Ég fer norður; aðeins í því tilviki að Jón komi fer ég ekki'.

Þegar athugað er hvað málfræðibækur og orðabækur hafi um *nema* að segja er ekki um auðugan garð að gresja. Helsta sérstaða tengingarinnar sem getið er í bókum felst í tengslum hennar við neitun, sbr. hér að framan. Þau tengsl eru þó ekki eins einföld og stundum er látið heita. Stefán Einarsson (1949:154) segir t.d. að ævinlega sé neitun eða "neikvæð merking" (negative sense) í aðalsetningunni á undan *nema*, en það er ekki rétt, eins og (12) sýnir:

- (12) Jón var alltaf glaður *nema* Sveinn væri nærstaddur.

Það er erfitt að finna nokkra neikvæðni í aðalsetningunni hér. Hins vegar er sennilega rétt hjá Jakobi Jóh. Smára (1920:189) að **venjulegra** sé að aðalsetningin sé neitandi.

Önnur sérstaða *nema* er sú sem Haraldur Matthíasson (1959:92) bendir á: Venjulega er ekki hægt að færa *nema*-setningar færa fremst í aðalsetninguna, eins og (13) og (14) sýna, þótt slíkt sé venjulega auðvelt með skilyrðissetningar tengdar með *ef* einni, eins og reyndar flestar tegundir aukasetninga, sbr. (15):

- (13) *Nema Sveinn væri nærstaddur var Jón alltaf glaður.
- (14) *Nema ef froskköfun átti í hlut, var hann einn nískasti maður sem ég hef hitt.
- (15) Ef froskköfun átti í hlut, var hann einn nískasti maður sem ég hef hitt.

Í fornu máli eru þess reyndar dæmi að setningar tengdar með *nema* séu undansettar; Haraldur Matthíasson (1959:92) nefnir dæmi úr *Norsku hómilíubókinni*:⁴

- (16) Nema hver verði endur getinn af vatni og helgum anda, þá má hann eigi inn ganga í ríki guðs.

Haraldur segir (1959:92): "Þetta er gagnstætt því, er síðar verður, því að í nútímamáli er mjög sjaldgæft, að slíkar setningar séu undansettar." Ég held að það sé ekki bara mjög sjaldgæft, heldur alveg útilokað.

Það mætti e.t.v. hugsa sér að hin neitandi merking sem er í *nema* ylli því að ekki mætti færa setningar með henni fremst. Það er þó allt í lagi með (17), þar sem sett hefur verið inn neitun:

- (17) Ef froskköfun átti ekki í hlut, var hann einn nískasti maður sem ég hef hitt.

Þetta styður það sem haldið var fram áður, að *nema* og *ef ekki* er ekki alveg sambærilegt. Það sem kemur í veg fyrir færslu *nema*-setningar fremst eru því fremur þær reglur sem gilda um samband *nema* við það sem á undan fer. Í *nema*-setningu felst ekki bara skildagi, heldur líka undantekning; og hún virðist ekki mega koma fyrir en á eftir því sem hún er undantekning frá.

3. Aðaltengingin *nema*

Eins og áður er sagt er *nema* yfirleitt talin skilyrðistenging, og fæstir nefna möguleika á annarri flokkun. Jakob Jóh. Smári bendir þó á að *nema* geti einnig "verið gagnstæðistenging (= en) helzt á eftir neitun" (1920:190, sjá einnig 196; sbr. líka Sveinbjörn Egilsson 1913-16). Tvö næstu dæmin um slíka notkun *nema* eru tekin frá Smára (1920:190; það fyrra úr *Þjóðsögum Jóns Árnasonar*, en það seinna úr *Manni og konu Jóns Thoroddsens*). Þriðja dæmið er svo úr nútímamáli:

(18) nú er ekkert frá sagt um samfarir þeirra, *nema* þau lifa í bæ þessum eins og hjón.

(19) engir menn voru í baðstofunni, *nema* Þuríður gamla kúrði þar í hinum enda baðstofunnar.

(20) Síðan gekk hún aftur út á tangann á eyjunni og leitaði að stólpanum - sem var vissulega á sínum stað, [...] *nema* nú lá hann láréttur yfir sjávarborðinu og þverbitinn stakkst ofan í vatnið.

Hér er engin leið er að setja *ef ekki* í staðinn. Aftur á móti er oft hægt að setja *en* í stað *nema* í slíkum setningum án þess að merking breytist að ráði; aðalmunurinn er sá að *nema* merkir undantekningu eða andstæðu við það sem áður er komið, en *en* merkir frekar úrdrátt en beina andstæðu (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 1981). Þess vegna verður fyrri setningin að vera algild eða ótvíræð í vissum skilningi:

(21) a Strákarnir eru skemmtilegir, *nema* Siggi er dálítið þreytandi.

b Strákarnir eru skemmtilegir, en Siggi er (þó) dálítið þreytandi.

(22) a ??Flestir strákanna eru skemmtilegir, *nema* Siggi er dálítið þreytandi.

b Flestir strákanna eru skemmtilegir, en Siggi er dálítið þreytandi.

Í (21) getur bæði *nema* og *en* gengið; þar er eðlilegt að skilja frumlagið *strákarnir* svo að átt sé við alla einstaklinga tiltekins hóps, og *nema*-setningin er svo undantekning. Í (22) er annað uppi á teningnum; þar sýnir lýsingarorðið (eða óákveðna fornafnið) *flestir* ótvírætt að lýsingarorðið *skemmtilegir* á ekki við alla einstaklinga hópsins. Þess vegna gengur *nema* tæpast; það að Siggi er þreytandi er nefnilega ekki undantekning frá því sem þegar er búið að segja - það var komið fram að þeir voru ekki allir skemmtilegir hvort eð er. Aftur á móti er allt í lagi að nota *en*, vegna þess að það táknar frávík frá norminu, en ekki skýlausa undantekningu.

Setningatengslin eru augljóslega ólík eftir því hvort um er að ræða skilyrðistenginguna *nema* eða aðaltenginguna *nema*. Þegar *nema* er aðaltenging er ekki um neinn skildaga að ræða; ekki neina fullyrðingu (loforð, skipun, ósk o.s.frv.) sem gildi eða gildi ekki eftir því hvort skildaginn er uppfylltur. En grunnmerkingin er þó hliðstæð; það sem segir í fyrri setningunni hefur almennt gildi, og *nema*-setningin (hvort sem um er að ræða aðalsetningu eða aukasetningu) gerir grein fyrir undantekningu frá hinu almenna.

4. Aðaltengingar og aukatengingar

En þótt ekki sé alltaf um skildaga að ræða í *nema*-setningunni, getum við þá fullyrt að *nema* sé þar

aðaltenging en ekki skilyrðistenging? Er þetta ekki bara merkingarlegt atriði en ekki setningafræðilegt? Ef við höfum tvær setningar sem hvor um sig hefur sína umsögn, og milli þeirra er eitthvert tengiorð, getum við þá alltaf skorið úr um það hvort þetta séu tvær hliðskipaðar setningar, eða hvort um móðursetningu og dóttursetningu sé að ræða?

Íslenskar málfræðibækur eyða yfirleitt litlu púðri á þetta atriði, og mætti af þeim ráða að greining þarna á milli sé einfalt mál. Jakob Jóh. Smári segir t.d. (1920:194): "Aukasetningar standa á líkan hátt af sér gagnvart málsgrein, sem setningarhlutar gagnvart einfaldri setningu [...]." Í *Íslenskri málfræði* Björns Guðfinnssonar segir (1958:87): "Samtengingar skiptast í tvo aðalflokka: **aðaltengingar** og **aukatengingar**. Fer sú skipting eftir því hvers konar setningar orðin tengja."

Mér hefur oft sýnst að flokkun tenginga, og skil milli aðalsetninga og aukasetninga, séu ekki jafn ótvíræð og málfræðibækur vilja vera láta. Þannig reyndi ég að færa rök að því að *enda*, sem alltaf er talin aðaltenging í bókum, sé í raun og veru hvorki aðal- né aukatenging - eða bæði aðaltenging og aukatenging, eftir því hvernig litið er á málið (sjá Eirík Rögnvaldsson 1987). Það breytir því þó ekki að ég held að tenging með *enda* sé alltaf sams konar - það sé sem sagt ekki svo að *enda* sé stundum aðaltenging, en stundum aukatenging, heldur sé alltaf um eins konar millistig að ræða.

En ef við höfum það nú fyrir satt sem Jakob Jóh. Smári segir, að *nema* sé ekki alltaf skilyrðistenging, heldur geti líka verið aðaltenging - hvernig getum við þá fært rök að því; og hvernig greinum við á milli?

Þegar um hliðskipun er að ræða, er oft hægt að breyta röð setninganna án þess að merking breytist. Vissulega verður útkoman stundum dálítið skritin, vegna þess að oft er það sem segir í fyrri setningunni einhvers konar undanfari eða forsenda þess sem fram kemur í þeirri seinni. Það breytir því þó ekki að sannleiksgildið er hið sama:

- (23) a Jón vann lengi og (hann) var orðinn þreyttur.
b Jón var orðinn þreyttur og (hann) vann lengi.

(23b) er hér dálítið undarleg, vegna þess að þar er afleiðingin sett á undan orsökinni. Það breytir þó engu um sannleiksgildið. Annað gerist hér:

- (24) a Jón var þreyttur ef hann vann lengi.
b Jón vann lengi ef hann var þreyttur.

(23b) er hér ekki bara skritin frá merkingarlegu sjónarmiði; hún merkja allt annað en (23a). Lítum nú á hvernig þetta kemur út með *nema*:

- (25) a Strákarnir voru hressir, nema Jón var þreyttur.
b *Jón var þreyttur, nema strákarnir voru hressir.

- (26) a Enginn hafði lesið bókina, nema Jón var rétt byrjaður.
b *Jón var rétt byrjaður, nema enginn hafði lesið bókina.

Hér sést glögglega að ekki er hægt að snúa við röð setninganna; *nema* gerir ákveðnar kröfur til þeirra, sem ekki eru uppfylltar ef röðinni er breytt. En eins og áður segir má færa rök að því að þær kröfur séu merkingarlegar, en ekki setningafræðilegar; *nema*-setningin verður að vera einhvers konar undantekning frá því sem áður er komið fram, og það gengur ekki hér. Þess vegna er hægt að halda því fram að það séu engin rök gegn því að *nema* geti verið aðaltenging þótt setningar af þessu tagi gangi ekki.

Það er oft notað til að skilja milli hliðskipunar og undirskipunar að kvantari (quantifier) í aðalsetningu getur bundið fornafn í aukasetningu; hins vegar getur kvantari ekki bundið fornafn í

hliðskipaðri setningu (sbr. Eirík Rögnvaldsson 1987:96-97). Lítum nú á hvernig þetta kemur út með *nema*:

(27) Allir strákarnir_i voru ánægðir nema þeir_i kæmust ekki á ball.

(28) *Allir strákarnir_i voru ánægðir, nema þeir_i komust ekki á ball.

Varla leikur vafi á að fyrri *nema*-setningin sé skilyrðissetning; hún setur ákveðið skilyrði fyrir því að undanfarandi fullyrðing standist eða eigi við. Seinni *nema*-setningin er aftur á móti annars eðlis; hún setur ekki skilyrði fyrir því að undanfarandi fullyrðing standist, heldur dregur hún aðeins úr henni. Þar er það sem sé ljóst að strákarnir komast ekki á ball, og það eitt skyggir á gleði þeirra.

Samkvæmt því sem áður hefur verið sagt ætti þá fyrri *nema*-setningin að vera aukasetning, en sú seinni hliðskipuð aðalsetning. Ég sé heldur ekki betur en frumlagsliðurinn *allir strákarnir* geti bundið fornaftnið *þeir* í skilyrðissetningunni. Þetta gengur aftur á móti ekki í seinni setningunni, sem passar við það að þar sé um hliðskipun að ræða, en ekki undirskipun.

Því má bæta við að eins og Jakob Jóh. Smári bendir á (1920:189), þá er jafnan viðtengingarháttur í aukasetningunni þegar *nema* stendur sem skilyrðistenging:

(29) Ég fer ekki fet nema Jón komi/*kemur með.

(30) Ég er farinn, nema Jón hypji/*hypjar sig.

Í setningunum (18)-(21) hér að framan er hins vegar alltaf framsöguháttur í *nema*-setningunni. Þar með erum við komin með eitt atriði til viðbótar sem greinir sundur aðalsetningar tengdar með *nema* og skilyrðissetningar.

Eitt enn sem nota má til að greina milli aðalsetninga og aukasetninga er svonefnd **tengieyðing** (conjunction reduction; sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 1982; Halldór Ármann Sigurðsson 1983:83-86). Hún felst í því að frumlagi, frumlagi og sögn eða jafnvel enn meira er sleppt framan af setningu vegna þess að það samsvarar liðum í undanfarandi setningu. Þetta er mjög algengt í hliðskipuðum aðalsetningum:

(31) Jón vaknaði snemma og (hann) fór í skólann.

(32) Jón gaf Sveini ljóðabók en (hann gaf) Maríu skáldsögu.

Þetta er aftur á móti alls ekki hægt í aukasetningum:

(33) Jón sagði mér að *(hann) hefði vaknað snemma.

(34) Jón var sterkur þegar *(hann) var ungur.

(35) Ég kem snemma í skólann nema *(ég) sofi yfir mig.

(Stjarna fyrir framan sviga táknar að setningin verður ótæk ef því sem stendur innan sviga er sleppt.)

(35) sýnir að þegar *nema* er ótvírætt skilyrðistenging (þar sem henni fylgir skildagi) gildir sama um hana og aðrar aukatengingar; hún leyfir ekki tengieyðingu. Annað gildir aftur á móti þar sem færa má rök að því að *nema* sé aðaltenging:⁵

(36) Ég gat ekkert gert nema (ég) reyndi að bíta á jaxlinn.

(37) Ég gat ekkert gert nema (ég gat) haldið utan um hana.

(38) Honum leiddist aldrei nema (honum leiddist) fullum.

(39) Ég hitti hann aldrei nema (ég hitti hann) í fylgd með konunni minni.

Í þessum dæmum hagar *nema* sér eins og dæmigerð aðaltenging; hægt er að sleppa sameiginlegum liðum framan af seinni setningunni, mismörgum eftir þörfum.

Niðurstaðan úr þessu er sú að í sumum tilvikum sé enginn vafi á því að *nema* verði að teljast aðaltenging, ef eitthvert mark á að taka á röksemdum sem notaðar hafa verið til að greina milli hliðskipunar og undirskipunar. Það breytir ekki því að *nema* er að sjálfsögðu einnig oft (líklega oftast) aukatenging.

5. *Nema* sem tenging setningarliða

Hér hefur eingöngu verið fjallað um *nema* sem tengingu milli setninga. En eins og margar aðaltengingar en ólíkt aukatengingum getur *nema* einnig tengt setningarliði:

(40) Allir nema Sveinn komu í gær.

(41) Ég hitti engan nema Svein.

(42) Ég mætti öllum nema Sveini.

(43) Ég sakna allra nema Sveins.

Hér virðist *nema* vera aðaltenging, og liðurinn á eftir henni stendur alltaf í sama falli og liðurinn á undan. Í sumum tilvikum þar sem um andlag er að ræða mætti auðvitað líta svo á að hér væru í raun tengdar tvær setningar með tengieyðingu í þeirri seinni; en þar sem um frumlag er að ræða, eins og í (40), er sú leið varla opin. Slík lausn gengur heldur ekki upp þegar engin neitun er á undan *nema*, eins og í (42) og (43); grunngerðin ætti þar að vera (44) og (45):

(44) *Ég mætti öllum nema (ég mætti) Sveini.

(45) *Ég sakna allra nema (ég sakna) Sveins.

Hvorttveggja er augljóslega ótækt. Tengieyðingarhugmyndin gæti vissulega stundum staðist, eins og í (41) þar sem grunngerðin væri tæk:

(46) Ég hitti engan nema (ég hitti) Svein.

En augljóst er af því sem að framan segir að hún gengur ekki upp sem almenn greining á setningum af þessu tagi.

Í þessum setningum hagar *nema* sér nokkurn veginn eins og *og* milli setningarliða, nema auðvitað er ekki hægt að breyta röð liðanna vegna merkingar *nema* sem er sú sama og áður; það sem kemur á eftir er undantekning frá því sem kemur á undan.

Athugið líka eftirfarandi setningar:

- (47) a Jón kyssti allar stelpurnar nema Stínu.
b Jón kyssti allar stelpurnar nema ekki Stínu.

Munur (47a) og (47b) felst í neituninni *ekki* sem er á eftir *nema* í (47b), en fyrirfinnst ekki í (47a). Samt sem áður merkja setningarnar nákvæmlega það sama. Það er auðvitað mjög óvenjulegt að það hafi engin áhrif á merkingu setningar hvort neitun er höfð með í henni eða ekki. Hvernig má skýra þetta?

Ég held að þetta skýrist af því að *nema* getur tengt bæði setningarliði og heilar setningar, og gegnir fyrrnefnda hlutverkinu í (47a) en því síðarnefnda í (47b). Ef um tengingu setninga (og tengieyðingu) væri að ræða í báðum tilvikum væri grunngerð (47a) eins og sýnt er í (48a), og grunngerð (47b) eins og (48b):

- (48) a *Jón kyssti allar stelpurnar nema (hann kyssti) Stínu.
b Jón kyssti allar stelpurnar nema (hann kyssti) ekki Stínu.

Eins og sjá má er (48a) ótæk; *nema*-setningin felur ekki í sér neina undantekningu frá því sem á undan er komið. Það er búið að segja að Jón hafi kysst allar stelpurnar, og því felst engin undantekning í *nema hann kyssti Stínu*. Þegar setningarliðir eru tengdir með *nema*, eins og í (47a), er hins vegar ekki um að ræða undantekningu frá öllu sem er á undan *nema*, heldur aðeins frá fyrri liðnum í hliðskipuninni. Vegna neitunarinnar í (48b) felst hins vegar raunveruleg undantekning í *nema*-setningunni þar.

Með því að gera ráð fyrir að í (47a) (án *ekki*) sé um tengingu setningarliða að ræða, en í (47b) (með *ekki*) sé um að ræða tengingu setninga og tengieyðingu, getum við því skýrt þetta undarlega tilvik þar sem neitun virðist ekki hafa nein áhrif á merkinguna. Þessu til stuðnings má benda á (49):

- (49) a Allir nema Jón fóru á ball.
b *Allir nema ekki Jón fóru á ball.

Hér er *nema* í frumlagslið, og því er möguleikinn á tengieyðingu ekki fyrir hendi. Þess vegna gengur ekki að hafa *ekki* í (49b), þótt það gengi í (47b) þar sem hægt var að gera ráð fyrir tengieyðingu.

6. *Nema* með nafnháttarsetningum

Fram að þessu höfum við litið á dæmi þar sem *nema* tengir tvær heilar setningar - þá seinni að vísu stundum skerta með tengieyðingu - og þar sem það tengir tvo liði. En einnig eru til dæmi um að það sem kemur á undan og eftir *nema* sé ekki hliðstætt:

- (50) Ég get ekki búist við neinu nema snúa aftur til þessa gráa einmanaleika sem er upphaf mitt.
(51) Peter er ófær um allt nema hugleiða eigin tilfinningar.
(52) Elskan mín, þú getur ekki verið í þessum svarta kjól nema bera eitthvað skart.
(53) Það var hvergi hægt að fela hjólið nema lyfta því yfir brúnina.
(54) Hann skemmti sér aldrei nema vera fullur.

Á eftir *nema* kemur hér sögn í nafnhætti með fylgiliðum sínum. Í þessum setningum er augljóslega ekki hægt að gera ráð fyrir tengieyðingu, eins og (55) og (56) sýna:

(55) *Ég get ekki búist við neinu nema ég snúa aftur til þessa grúa einmanaleika sem er upphaf mitt.

(56) *Hann skemmti sér aldrei nema hann vera fullur.

Setningar eins og (50)-(54) virðist helst eiga sér hliðstæðu í dæmum á við (57) og (58):

(57) Ég reyndi að snúa aftur til þessa grúa einmanaleika sem er upphaf mitt.

(58) Það var nauðsynlegt að lyfta hjólinu yfir brúnina.

Hér stendur sögn seinni setningarinnar líka í nafnhætti, og enginn dregur í efa að seinni setningin sé aukasetning. Venja er að gera ráð fyrir að þótt nafnháttarsetningin hafi ekkert frumlag á yfirborðinu, þá hafi formgerð setningarinnar samt frumlagsbás, og í honum sé það sem nefnt hefur verið **PRO**, e.k. fornafn án hljóðforms (sjá t.d. Haegeman 1991, 5. kafla). Þetta "fornafn" getur ýmist haft almenna vísun, eins og í (53) og (58), eða vísað til liðar í aðalsetningunni (frumlagsins *ég* í (57)); þá er sagt að sá liður **valdi** (controls) PRO. Þannig er þetta augljóslega í setningunum hér að framan; sá sem skemmtir sér og sá sem er fullur í (54) er sami maðurinn.

Það er eftirtektarvert að hér skuli þurfa að gera ráð fyrir PRO á eftir *nema*. Venjulega hefur aðeins verið gert ráð fyrir því á eftir *að*, eins og í (57) og (58), eða tengingum sem hafa *að* sem síðasta lið:⁶

(59) Jón fór án þess að PRO þvo bílinn.

(60) Jón fór til að PRO hitta Maríu.

Setninga af þessu tagi er ekki getið sérstaklega í málfræðibókum, svo að ég hafi fundið. Þær virðast samt ekki vera nýjung í málinu; ég fann hliðstæðar setningar í fornum textum. (61) er úr *Grágás*, (62) úr *Heimskringlu* og (63) úr *Sturlungu*.

(61) ... ef hann fer alls mánað og úr fjórðungi enskis örindis nema hlífa búi sínu eða griði.

(62) Var enskum mönnum þá engi kostur fyrir höndum ef þeir skyldu halda lífinu nema ganga til handa Haraldi konungi.

(63) Ekki bauðstu mér að taka fé eftir föður minn og lítillar virðingar hefir þú mér leitað hér til nema láta berja mig til bækur.

En hvers eðlis eru þessar setningar; skilyrðissetningar eða hvað? Lítum á (64):

(64) a Ég gerði ekki neitt nema fara (fyrst) til Jóns.

b Ég gerði ekki neitt nema ég fór til Jóns.

c Ég gerði ekki neitt nema ég færi fyrst til Jóns.

Hér er nafnháttarsetningin í (64a) umorðuð á tvo mismunandi vegu. (64c) er ótvírætt skilyrðissetning samkvæmt því sem áður hefur verið sagt; hún felur í sér skildaga, undantekningu frá því sem á undan er sagt, og í henni er viðtengingarháttur. (64b) er hins vegar aðalsetning samkvæmt því sem áður sagði; hún er í framsöguhætti, og setur ekki skilyrði, þótt hún feli í sér undantekningu frá undanfarandi fullyrðingu eins og skilyrðissetningin.

Ég sé ekki betur en (64a) geti samsvarað hinum báðum merkingarlega, og það fari eftir því hvort atviksorðið *fyrst* er haft með eða ekki. Ef það er með er eðlilegast að túlka *nema*-setninguna svo að hún feli í sér skildaga; merkingin er 'Því aðeins gerði ég eitthvað að ég hefði farið til Jóns áður'. Sé *fyrst* sleppt er aftur á móti eðlilegt að túlka *nema*-setninguna á sama hátt og hliðskipaðar *nema*-setningar; 'Ég fór til Jóns, en að öðru leyti gerði ég ekkert'. Það má því segja að í fyrri tilvikinu sé undantekningin sem *nema* gefur ævinlega til kynna undantekning frá fyrri setningunni (aðalsetningunni) í heild, en í síðara tilvikinu sé undantekningin frá nafnliðnum *ekki neitt*.

Það eru til fleiri *nema*-setningar þar sem hvorki virðist hægt að gera ráð fyrir hliðskipun setningarliða né hliðskipun setninga og tengieyðingu:

- (65) a Mér leiðist að baka nema smákökur.
b Mér leiðist að baka nema ekki smákökur.

Hér er erfitt að gera ráð fyrir hliðskipun setningarliða, vegna þess að enginn nafnliður er fyrir framan *nema* sem kæmi til greina. Þar að auki hefur áður komið fram að ekki er hægt að gera ráð fyrir að um tengingu setningarliða sé að ræða ef *ekki* er á eftir *nema*, eins og í (65b).⁷ Venjuleg tengieyðing, þar sem sleppt er framan af seinni setningunni, kemur ekki heldur til greina, því að þá væri grunngerð (65a) svona:

- (66) *Mér leiðist að baka nema *mér leiðist að baka* smákökur.

Þessi setning er vond vegna þess að í *nema*-setningunni felst engin undantekning frá staðhæfingunni á undan. Að auki merkir hún annað en (65a); hér er fullyrt að mér leiðist að baka smákökur, en merking (65a) er þveröfug.

Ég held að eðlilegast sé að greina slíkar setningar þannig að um sé að ræða nafnlið án hljóðforms (PRO) í frumlagssæti og enn fremur **götun** (gapping, sjá t.d. Höskuld Þráinsson 1975). Götun felst í því að sögn í hliðskipaðri setningu er sleppt vegna samsemdar við sögn í fyrri hluta hliðskipunarinnar:

- (67) Mér leiðist að baka nema PRO *baka* smákökur.

Þetta tvennt, PRO í frumlagssætinu og götun, er í sjálfu sér óháð hvort öðru og þarf ekki að fara saman, eins og (68) sýnir:

- (68) Það er leiðinlegt að elda, nema PRO sjóða fisk.

Nú er götun venjulega bundin við hliðskipaðar setningar (eins og tengieyðing) en PRO aftur á móti bundið við aukasetningar. Því mætti virðast vafasamt að gera ráð fyrir hvorutveggja í sömu setningu. Ég sé þó ekki aðra leið til að gera grein fyrir setningum á við (65); og raunar er óvíst að þetta sé svo þversagnakennt þegar betur er að gáð. Að því verður vikið nánar í lokakafla.

6. *Nema* sem tengiorð fallsetninga

Hér hefur verið sýnt fram á að *nema* getur bæði verið aðaltenging og tilheyrt einum af þrem aðalflokkum aukatenginga, atvikstengingum. En einnig eru þess dæmi að *nema* tengi fallsetningar við móðursetningu sína, og verði þar að teljast til annars af þessum aðalflokkum.⁸ Þarna er einkum um að ræða óbeinar spurnarsetningar (sbr. Kress 1982:251):

- (69) Enginn er kominn til að segja nema Jón komi á morgun.

Þessu hlutverki virðist *nema* þó einkum gegna í fáeinum föstum orðasamböndum, s.s. *vita ekki nema* (*sjá ekki nema, skilja ekki nema ...*; sjá Jakob Jóh. Smári 1920:190). Þar virðist *nema*-setningin vera fylliliður (þ.e. gegna hlutverki andlags) sagnarinnar í aðalsetningunni:

- (70) a *Ég veit.
b Ég veit að Jón kemur á morgun.
c Ég veit ekki nema Jón komi á morgun.

(70a) sýnir að *vita* getur ekki staðið án andlags (*nema* við sérstakar aðstæður). (70b) sýnir að *að*-setningin getur gegnt hlutverki andlags; og sama virðist gilda um *nema*-setninguna í (70c).

Afturbeygt fornafn í *nema*-setningunni getur líka vísað til frumlags aðalsetningarinnar í þessum samböndum. Þar sem *nema* er skilyrðistenging er slík vísun hins vegar alveg útilokuð (eins og úr atvikssetningum yfirleitt, sjá Höskuld Þráinsson 1976):

- (71) a Jón_i vissi ekki nema þú ætlaðir að berja sig_i.
b *Jón_i fer nema þú talir við sig_i.

Ég sé heldur ekki betur en hægt sé að færa liði upp úr *nema*-setningunni í slíkum tilvikum; færði liðurinn er hér feitletraður en "upphafsstaður" hans táknaður með ____:

- (72) a Ég veit ekki nema þessi maður hafi verið barinn.
b **Þessi maður** veit ég ekki nema ____ hafi verið barinn.

Nú er annars alkunna að hvorki er hægt að færa út úr hliðskipuðum setningum né atvikssetningum (sjá t.d. Ross 1967):

- (73) a Jón elskar Maríu og hatar Siggú.
b ***Siggú** elskar Jón Maríu og hatar ____.

- (74) a Jón fer ef María kyssir þennan mann.
b ***Þennan mann** fer Jón ef María kyssir ____.

Sama gildir um *nema* sem aðaltengingu og skilyrðistengingu:

- (75) a Allir komu í gær, nema Jón kom í dag.
b ***Í dag** komu allir í gær nema Jón kom ____.

- (76) a Jón kemur á morgun nema María yfirgefi Pétur.
b ***Pétur** kemur Jón á morgun nema María yfirgefi ____.

Aftur á móti er hægt að færa upp úr fallsetningum:

- (77) a Jón veit að María elskar þennan mann.
b **Þennan** mann veit Jón að María elskar ____.

Hér virðist því sem við séum komin með enn eitt afbrigði *nema*; í þetta skipti tengingu sem hagi sér eins og tengingar fallsetninga. Á undan þessu *nema* virðist yfirleitt þurfa að vera neitun; en það er athyglisvert að frá því er sama undantekning og þegar um *nema* sem atviksorð er að ræða (sjá hér á eftir); þ.e., það er óþarft í spurningum, bæði beinum og óbeinum:

- (78) a Ég veit *(ekki) nema Jón komi á morgun.
b Veistu nema Jón komi á morgun?

(79) Sveinn spurði hvort ég vissi nema Jón kæmi á morgun.

7. Nema sem fylgiorð tenginga

Í nútímamáli kemur *nema* iðulega fyrir með öðrum tengingum; dæmi eru um *nema þegar*, *nema ef*, *nema að*, *nema til þess að*, *nema vegna þess að*, *nema þar sem* o.fl.⁹ Lítum á nokkur þeirra:

- (80) Ásta var fyrsta vinkona mín og það gekk ekki hnífurinn á milli okkar nema þegar okkur lenti saman út af stráknum í næsta húsi.
- (81) Þó ekki væri nema vegna þess að það gaf lífinu aukið gildi.
- (82) við [...] vinnum þetta kauplaust, nema ef aðsóknin verður mjög góð.
- (83) Hann var einn nískasti maður sem ég hafði hitt, nema ef froskköfun átti í hlut.

Þótt *nema* sé hér fyrri tengingin, eða fyrri hluti tengingarinnar, sýnist mér að það sem á eftir kemur sé hin raunverulega tenging. Aukasetning sem hefst á *nema þegar* er sem sé tíðarsetning, aukasetning sem hefst á *nema vegna þess að* er orsakasetning, o.s.frv. Þetta breytir auðvitað engu með sambandið *nema ef*, vegna þess að *ef* er skilyrðistenging hvort eð er. Í þeim setningum kemur fram, eins og Jakob Jóh. Smári bendir á (1920:190; sjá einnig Stefán Einarsson 1949:154), að sögn aukasetningarinnar er í framsöguhátti. Ef *nema* er eina tengingin, stendur sögnin hins vegar alltaf í viðtengingarhátti (Jakob Jóh. Smári 1920:190, Stefán Einarsson 1949:154):

- (84) aVið vinnum þetta kauplaust, nema aðsóknin verði/*verður mjög góð.
bVið vinnum þetta kauplaust, ef aðsóknin verður/*verði ekki mjög góð.
- (85) aHann var einn nískasti maður sem ég hafði hitt, nema froskköfun ætti/*átti í hlut.
bHann var einn nískasti maður sem ég hafði hitt, ef froskköfun átti/*ætti ekki í hlut.

Það er auðvitað álitamál hvernig á að flokka *nema* í þessum setningum; á að telja það hluta af tengingunni eða ekki? Ég held að eðlilegt sé að telja það **atviksorð**, en það hefur óneitanlega takmarkaða dreifingu.¹⁰ Um atviksorðið *nema* verður nánar fjallað í næsta kafla.

8. Atviksorðið *nema*

Þótt fræðirit (að undanteknu *Lexicon Poeticum* (Sveinbjörn Egilsson 1913-16) sbr. áður) séu því sem næst sammála um að *nema* sé eingöngu samtenging, þá fer varla á milli mála að setningafræðileg staða orðsins er iðulega önnur en samtengingar eru vanar að hafa, og gildir þá einu hvaða flokkur samtenginga er hafður til samanburðar. Lítum t.d. á eftirfarandi setningar:

- (86) Meðallaun ársins fyrir dagvinnu yrðu þó ekki nema tæpum 20% hærrí en á síðasta ári verði samið á þessum nótum.
- (87) Þeir voru fyrri til að skora en komust þó ekki nema tveimur mörkum yfir þegar mest var.

- (88) Aftur á móti er ekki reiknað með að laun samkvæmt þessum hugmyndum verði þá orðin nema 14% hærri en þau voru síðastliðinn desember.
- (89) Fyrir leikmann er erfitt að koma nema lauslega inn á þá starfsemi sem fram mun fara í öllum þeim herbergjum, er blaðamaður var leiddur um í nýja húsnæðinu.
- (90) Við höfum ekki haft tíma til að flokka það nema gróflega, og má búast við að það taki nokkur ár að vinna úr þessu öllu.
- (91) Þetta eru allt dýrir innfluttir hlutir og ekki á færi nema efnafólks að eignast þá.

Í (86)-(87) er auðvelt að setja atviksorðin *aðeins* eða *bara* í staðinn fyrir *ekki nema*; aftur á móti er augljóslega ekki hægt að setja *ef ekki* (eða annað samband með *ef*) í staðinn. Það liggur ekki eins beint við að setja *aðeins* eða *bara* inn í (88), vegna þess að þar standa *ekki* og *nema* ekki saman. Hins vegar er augljóst að merkingin er hliðstæð, og það er hægt að breyta setningunni þannig að hún verði hliðstæð (87) og (88) án þess að merking raskist. Í (89) og (90) mætti setja *öðruvísi en* í stað *nema*, og í (91) má setja *annarra en*. Í öllum þessum tilvikum verður einhvers konar neitun að koma á undan *nema*. Oftast er það *ekki*, en einnig koma til greina orð eins og *erfitt* (sbr. (89)), *varla* o.s.frv.

Fljótlegt er að ganga úr skugga um það að ekki er hægt að setja neina aðra samtengingu í stað *nema* í þessum setningum; aftur á móti er oft hægt að setja atviksorð eða orðasambönd atvikslegrar merkingar í staðinn. Ég sé enga skynsemi í því að greina *nema* sem samtengingu hér; orðið stendur miklu nær atviksorðum. Hins vegar verður að játa að miklar takmarkanir eru á dreifingu þess - miklu meiri en venja er um atviksorð. Það er yfirleitt háð því að neitun af einhverju tagi sé í setningunni; og sú neitun verður að vera komin áður. Ekki er þó nauðsynlegt að um sérstök neitunarorð (*ekki*, *aldrei* o.s.frv.) sé að ræða, eins og (92) sýnir:

- (92) a Sveinn taldi hæpið að ég hefði farið nema tvo kílómetra.
 b Sveinn taldi ólíklegt að ég hefði farið nema tvo kílómetra.
 c *Sveinn taldi líklegt að ég hefði farið nema tvo kílómetra.
 d Sveinn taldi líklegt að ég hefði bara farið tvo kílómetra.

Í (92a-b) er hægt að nota *nema* vegna þeirrar neitandi merkingar sem felst í lýsingarorðunum *hæpið* og *ólíklegt*. Í (92c) gengur *nema* hins vegar ekki; með "jákvæðu" lýsingarorði eins og *líklegt* verður að nota önnur orð, t.d. *bara* eins og í (92d); sú setning merkir u.þ.b. sama og (92b).

Í beinum spurningum virðist þó hægt að nota *nema* án þess að neitun af nokkru tagi fari á undan:¹¹

- (93) a Ég fór *(ekki) nema tvo kílómetra.
 b Fórstu (ekki) nema tvo kílómetra?

Á bak við (93b) liggja mismunandi væntingar, eftir því hvort *ekki* er haft með. Ef sagt er *Fórstu nema tvo kílómetra?* er spyrjandinn að leita staðfestingar á því sem hann telur víst, þ.e. hann á ekki von á að viðmælandinn hafi farið lengra; sé spurt *Fórstu ekki nema tvo kílómetra?* er spyrjandinn að láta í ljós undrun.

- (94) a Sveinn spurði hvort ég hefði farið nema tvo kílómetra.
 b Sveinn efaðist um að ég hefði farið nema tvo kílómetra.

Þótt hér sé augljóslega margt forvitnilegt verður ekki fjallað frekar um *nema* sem atviksorð, enda er

megintilgangur þessarar greinar að varpa ljósi á notkun **tengingarinnar** *nema*.

9. Lokaorð

Í inngangi var nefnt að fæstar málfræðibækur geta um að *nema* sé annað en skilyrðistenging, en jafnframt bent á ýmis dæmi þar sem slík greining er hæpin eða útilokuð. Hér hefur komið fram að orðið *nema* gegnir a.m.k. sex mismunandi (en þó vissulega náskyldum) hlutverkum í íslensku:

- (95) a Skilyrðistenging
- b Aðaltenging (milli setninga)
- c Aðaltenging (milli setningarliða)
- d Tenging fallsetninga
- e (Atvikslegt) fylgiorð tenginga
- f Atviksorð

Dæmi um *nema* í öllum þessum hlutverkum fara hér á eftir, í sömu röð:

- (96) a Ég vakna ekki *nema* þú ýtir við mér.
- b Ferðin tókst vel, *nema* heimsóknin til Hríseyjar var mislukkuð.
- c Öllum *nema* Jóni þótti ferðin skemmtileg.
- d Hver veit *nema* við förum aftur næsta ár.
- e Ég skemmti mér vel *nema* þegar ég varð sjóveikur.
- f Við vorum ekki *nema* þrjá daga á leiðinni.

Þar með er ekki allt upp talið; *nema* er líka notað í e.k. upphrópunum, eins og *nema hvað?*, og í samtali eða frásögn, ekki síst þegar vikið er aftur að einhverju efni: *Nema það, að hann kemur aftur daginn eftir* Um þessa notkun *nema* hef ég ekkert að segja.

Af þessu er ljóst að *nema* er öðrum tengingum fjölbærari; getur bæði verið aðaltenging og tilheyrst tveim af þrem aðalflokkum aukatenginga, auk þess að vera atviksorð og e.k. upphrópun. Merkingin sýnir líka að þarna er í einhverjum skilningi um "sama" orðið að ræða í öllum tilvikum, en ekki nokkur orð sem af tilviljun hljóma eins.

En þrátt fyrir þennan fjölda flokka virðist stundum að *nema* falli ekki almennilega að neinum þeirra. Úr því mætti e.t.v. bæta með því að fjölga flokkunum enn; en einnig má hugsa sér að það sé sjálfur grundvöllur flokkunarinnar sem þarfnist endurbóta. Ég hef áður haldið því fram (Eiríkur Rögnvaldsson 1987) að hliðskipun og undirskipun séu ekki tveir andstæðir pólar, heldur sé þar um að ræða tvo tvígilda þætti, sem kalla mætti [+/-HLIÐ] og [+/-UNDIR]. Sé tenging merkt [+HLIÐ] táknar það að hún tengi tvær jafngildar einingar (setningar eða setningarliði); tenging sem er merkt [+UNDIR] tengir aftur á móti tvær setningar þar sem önnur er liður í hinni. Í þessu þáttakerfi eru fjórar samsetningar hugsanlegar; dæmigerðar aðaltengingar eru þá [+HLIÐ, -UNDIR] og dæmigerðar aukatengingar [-HLIÐ, +UNDIR]. Sennilega er plúsmerking á báðum þáttunum útilokuð, því að engin setning getur í senn verið hliðstæð annarri og liður í henni.¹² Þá er eftir fjórði möguleikinn tveir mínusar; ég hef sett fram þá tilgátu að slík merking eigi við tenginguna *enda* (Eiríkur Rögnvaldsson 1987). Mér sýnist ekki fráleitt að sama geti gilt um *nema*, a.m.k. í sumum tilvikum; einkum þegar bæði PRO og götun er í *nema*-setningunni.

Á hinn bóginn er ljóst að eigi að flokka allar samtengingar niður eftir setningafræðilegri hegðun svo að fullnægjandi sé þá duga áðurnefndir tveir þættir ekki. Þessari grein var hins vegar ekki ætlað að vera nein heildarúttekt á flokkun samtenginga, og því ætla ég ekki að fara lengra út í þessa sálma hér. En ég held að ljóst sé að *nema* verðskuldar meiri athygli en hún hefur fengið í málfræðiritum til þessa.

RITASKRÁ

- Auður Einarsdóttir 1988. Aldrei tapast sá nokkur neinn. Um óákveðnu fornöfnin nokkur og þó einkanlega neinn. B.A.-ritgerð í íslensku, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Björn Guðfinnsson. 1943. *Íslensk setningafræði* handa skólum og útvarpi. Ísafoldarprentsmiðja hf., Reykjavík.
- . 1958. *Íslensk málfræði* handa framhaldsskólum. 6. útg. Eiríkur Hreinn Finnbogason annaðist útgáfuna. Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1981. Um merkingu og hlutverk íslenskra aðaltenginga. *Mímir* 29:6-18.
- . 1982. We Need (Some Kind of a) Rule of Conjunction Reduction. *Linguistic Inquiry* 13:559-562.
- . 1983. "Tilvísunartengingin" OG í bókum Halldórs Laxness. *Mímir* 30:8-18.
- . 1987. *Enda*. *Nordic Journal of Linguistics* 10:91-108.
- Friðrik Magnússon. 1990. *Kjarnafræsla og það-innskot í aukasetningum í íslensku*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Fritzner, Johan. 1954. *Ordbog over Det gamle norske Sprog*. Nytt uforandret opptrykk af 2. utgave (1883-1896) med et bind tillegg og rettelser redigert av Didrik Arup Seip og Trygve Knudsen. Tryggve Juul Møller forlag, Oslo.
- Haegeman, Liliane. 1991. *Introduction to Government and Binding Theory*. Basil Blackwell, Oxford.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1981. Fleiryrtar aukatengingar? *Íslenskt mál* 3:59-76.
- . 1983. Um frásagnarumröðun og grundvallarorðaröð í forníslensku ásamt nokkrum samanburði við nútímamál. Kandidatsritgerð í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- . 1989. *Verbal Syntax and Case in Icelandic*. In a Comparative GB Approach. Doktorsritgerð, Lunds universitet, Lund.
- Haraldur Matthíasson. 1959. *Setningaform og stíll*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 1975. Gapping in Icelandic: Functional Explanations and the No-Ambiguity Condition. *CLS* 11:604-614.
- . 1976. Reflexives and Subjunctives in Icelandic. *NELS* 6:225-239.
- . 1980. Tilvísunartengingar? *Íslenskt mál* 2:53-96.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík.
- Johannessen, Janne Bondi. 1992. Re: 3.648 Drift. *Linguist List* 3.651 (25. ágúst 1992). [anonymous-@linguistics.archive.umich.edu: linguistics/linguist.list/volume.3/no.651-700.]
- Jón Gunnarsson. 1973. *Málmyndunarfræði*. Iðunn, Reykjavík.
- Kress, Bruno. 1982. *Isländische Grammatik*. VEB Verlag Enzyklopädie, Leipzig.
- Kristján Árnason. 1980. *Íslensk málfræði*. Kennslubók handa framhaldsskólum. Seinni hluti. Iðunn, Reykjavík.
- Orðabók Menningarsjóðs = *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. Ritstjóri Árni Böðvarsson. 2. útg. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík, 1983.
- Ross, John Robert. 1967. *Constraints on Variables in Syntax*. Doktorsritgerð, MIT, Cambridge, Mass.
- Sigfús Blöndal. 1920-24. *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík.
- Stefán Einarsson. 1949. *Icelandic*. Grammar. Texts. Glossary. The Johns Hopkins Press, Baltimore.
- Sveinbjörn Egilsson. 1913-16. *Lexicon Poeticum antiquæ linguæ septentrionalis*. Ordbog over det norsk-islandske skjaldesprog oprindeligt forfattet af Sveinbjörn Egilsson. Forøget og påny udgivet for Det kongelige nordiske Oldskriftselskab ved Finnur Jónsson. København.

SUMMARY

This paper discusses the function and meaning of the word *nema* 'unless, except, but'. Most grammar books classify this word as a subordinate (conditional) conjunction, and describe it as the "negative counterpart" of *ef* 'if'. However, the author argues that the meaning of *nema* is not 'if not';

nema always implies or introduces an exception from the previous statement (or command, wish etc.). *Nema*-clauses also differ from (most) other subordinate clauses (including *ef*-clauses) in that they cannot be fronted.

It is shown in this paper that *nema* has many disguises, so to speak. It is sometimes used as a coordinate conjunction (roughly comparable to *en* 'but'). When *nema* is a coordinate conjunction, Conjunction Reduction of the second conjunct is possible, as it is with most coordinate conjunctions, but unlike subordinate conjunctions; and *nema* can be used to conjoin phrases. *Nema* can also be used as some sort of complementizer introducing interrogative complement clauses. Furthermore, *nema* can introduce infinitive clauses with (controlled or arbitrary) PRO-subjects. In some such clauses, gapping is also involved. It is a bit surprising that *nema* can introduce PRO-clauses; it has previously been thought that all such clauses in Icelandic are introduced by *að* 'that' (or a conjunction ending in *að*, such as *til þess að* 'in order to', *án þess að* 'without', etc.).

There are, however, even more possibilities. It is clear that sometimes *nema* cannot be classified as any kind of conjunction, but must instead be considered an adverb. When used as an adverb, *nema* must be preceded by a negation, except in interrogative clauses.

Finally, the author refers to an earlier proposal of his concerning a feature system for conjunctions. He had proposed two binary features for classifying conjunctions, but he concludes by saying that this is obviously insufficient. However, a new proposal would be outside the scope of the present paper.

Heimspékideild Háskóla Íslands
Árnagarði við Suðurgötu
IS-101 Reykjavík
eirukur@rhi.hi.is

NEÐANMÁLSGREINAR

¹ Upphaf þessarar greinar má rekja til erindis sem ég flutti á ráðstefnu Íslenska málfræðifélagsins í nóvember 1991. Hér er þó miklu breytt, fellt úr og aukið við. Ég þakka áheyrendum á ráðstefnunni gagnlegar umræður, en sérstaklega þakka ég Halldóri Ármanni Sigurðssyni fyrir gagnlegar athugasemdir.

² Eina undantekningin sem ég hef rekist á er *Lexicon Poeticum* (Sveinbjörn Egilsson 1913-16), sem greinir *nema* eingöngu sem atviksorð.

³ Ýmis þeirra dæma sem hér fara á eftir eru tekin úr þessu textasafni, en önnur hef ég búið til sjálfur. Ég taldi ekki ástæðu til að geta sérstaklega hvaðan hvert dæmi væri tekið; víðast mun auðsætt hvaða dæmi eru úr textum og hver ég hef búið til.

⁴ Hér og í öðrum dæmum úr fornu máli er stafsetning samræmd til nútímahorfs.

⁵ Reyndar væri einnig hægt að líta svo á að í (39) sé um hliðskipun setningarliða að ræða, og það er líklega eina greiningin sem getur átt við (i):

(i) Ég hittí hann, aldrei nema í fylgd með konunni sinni.

Í (i) er afturbeygt (eignar)fornafn í *nema*-setningunni og virðist vísa til andlags aðalsetningarinnar. Reglan er þó sú að afturbeygt fornafn getur hvorki vísað úr atvikssetningu í aðalsetningu né milli

hliðskipaðra setninga. Hins vegar er þetta eðlilegt ef gert er ráð fyrir hliðskipun liðanna *aldrei* og *í fylgd með konunni sinni*; þá er ekki um að ræða vísun yfir setningaskil. - Þessu til staðfestingar má benda á eftirfarandi setningar:

- (ii) a *Ég hitti hann aldrei nema vera í fylgd með konunni sinni.
- b Hann hittir mig aldrei nema vera í fylgd með konunni sinni.

Í (iia) er sögnin *vera í nema*-setningunni, og því ekki lengur hægt að gera ráð fyrir hliðtengingu setningarliða á sama hátt og í (i); enda er (iia) ótæk. Í (iib) má aftur á móti gera ráð fyrir að í frumlagssæti *nema*-setningarinnar sé PRO (sjá 6. kafla) sem vísar til *hann*; afturbeygða (eignar)fornafnið *sinni* vísar þá í raun og veru til þessa fornafns án hljóðforms, en ekki til frumlags fyrri setningarinnar. Því er ekki um vísun yfir setningaskil að ræða í (iib).

⁶ Vissulega er hægt að hafa *að* á eftir *nema* í slíkum setningum, a.m.k. stundum; en það er aldrei nauðsynlegt, held ég, og stundum hæpið.

⁷ Að vísu mætti hugsa sér að gera ráð fyrir tómunum lið, *pro* (sjá t.d. Haegeman 1991) í andlagssæti *baka*, á undan *nema*:

- (i) Mér leiðist að baka *pro* nema smákökur.

Hér væri þá um að ræða tengingu tveggja setningarliða (nafnliða), þar sem sá fyrri væri án hljóðforms. Þessi lausn gengur þó ekki upp ef *ekki* er í seinni setningunni, sbr. það sem sagt er um (65b). - Önnur röksemd gegn því að gera ráð fyrir tómunum lið í andlagssæti og hliðtengingu setningarliða er tilvist setninga eins og (ii):

- (ii) Það er gott að sofa, *nema* (ekki) á kvöldin.

Sögnin *sofa* tekur engan fyllilið, og því er hæpið að gera þar ráð fyrir lið án hljóðforms í andlagssætinu. - Þriðja röksemdin er sú að stundum er hægt að hafa sögn í *nema*-setningunni, sbr. (68). - Halldór Ármann Sigurðsson (1989:167-170) hafnar því líka að "tóm" andlög af því tagi sem hér yrði að gera ráð fyrir ("arbitrary object *pro*") séu til í íslensku.

⁸ Þessi þríflokkun er t.d. notuð hjá Kristjáni Árnasyni (1980:68-69); þriðji aðalflokkurinn er tilvísunartengingar, en *nema* virðist aldrei geta tilheyrð þeim. Halldór Ármann Sigurðsson benti mér á þetta.

⁹ Ég hef athugað *nema* í ýmsum fornum textum. Í engum þeirra fundust dæmi um *nema* með fylgiorðunum *ef*, *hvað* eða *að*, sem öll eru algeng í nútímamáli.

¹⁰ Öðru máli gegnir, held ég, um sambandið *nema hvað*. Þar er það *nema* sem ákveður gerð eftirfarandi setningar, öfugt við hin samböndin; setning tengd með *nema hvað* er sem sé aðalsetning, en ekki spurnaraukasetning, eins og ef *hvað* ákvæði gerðina.

- (i) Jón elskar alla *nema* hvað hann hatar Maríu.

Það er reyndar athyglisvert, að á eftir *nema hvað* gengur tengjeyðing varla þótt hún gangi í samsvarandi setningum með *nema* einu sér:

- (ii) a Jón elskar alla nema ____ hatar Maríu.
b *Jón elskar alla nema hvað ____ hatar Maríu.

Í þessu sambandi má benda á að tengieyðing gengur ekki ef tengibásinn (COMP) er fylltur (sbr. Halldór Ármann Sigurðsson 1983:84; Eiríkur Rögnvaldsson 1987). Það að (iib) er vond bendir til þess að *hvað* sé í tengibásnum; en ég fer ekki lengra út í þá sálma hér.

¹¹ Merkingarlegar forsendur fyrir notkun *nema* virðast því vera svipaðar þeim sem skilyrða notkun fornafnsins *nokkur* (sjá t.d. Auði Einarsdóttur 1988):

- (i) a *Ég sá nokkurn
b Sástu nokkurn?
- (ii) a *Ég veit að nokkur er farinn
b Ég spurði hvort nokkur væri farinn

¹² Johannessen (1992) setur fram hugmyndir um greiningu setninga eða liða sem virðast vera hliðtengdir en eru þó ekki samstæðir. Hún hugsar sér að samtengingin sé höfuð (head) sjálfstæðrar vörpunar (projection), en tengdu liðirnir séu ákvarðari (specifier) og fylliliður (complement) þessa höfuðs. Með þessu móti telur hún sig geta skýrt ýmislegt "óvænt" í hegðun slíkra hliðskipana. Mér finnst þetta mjög áhugavert, en hér eru ekki efni til að skoða þetta nánar, enda er Johannessen aðeins að vitna hér lauslega til doktorsritgerðar sem hún vinnur nú að.